

47 Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusaml. til þóknanlegrar leiðbeining-
21. febr. ar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

48 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
21. febr. ingar á lagafrumvarpi um búsetu fastakaupmanna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. okt. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á aukabýginginu 1894 um búsetu fastakaupmanna á Íslandi.

Viðvíkjandi frumvarpi þessu, sem fer í þá átt að banna, að viðlögðum þungum refsingum, öllum, sem ekki hafa fast heimili á Íslandi, að stofna eða reka þar fasta verzlun, hafið þjer í yfirliti yfir sögu máls þessa frá því er það fyrst kom inn á alþingi, sýnt fram á, að þingið áður jafnan hafi goldið varhuga við, að fallast á slíka ráðstöfun, með því að frumvörp um þetta hafi hvað eptir annað verið felld, þangað til málið loksins í fyrirasumar náði fram að ganga í báðum deildum með mjög litlum atkvæðamun. Í sambandi við þetta hafið þjer skirskotað til þess að stjórnin hafi einnig, bæði í auglýsingu til alþingis 22. maí 1871 II 11 út af þegnlegri bænaskrá alþingis 1869 um sama efni, og í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 12. júlí 1878 út af lagafrumvarpi, er samþykkt var á alþingi 1877 um rjettindi hjerlendra kaupmanna og kaupfjelaga, skýrt tekið fram, að hún ekki vildi fallast á neina takmörkun á jafnrjetti því, sem hingað til hefur átt sjer stað að því er verzlunarviðskipti snertir milli Íslands og Danmerkur, og mundi frumvarp það, sem nú er farið fram á, ef að lögum yrði, gjöra miklu meiri skerðing á jafnrjetti þessu, heldur en eptir frumvarpi því, sem þingið samþykkti 1877. Þjer hafið þar næst leitt athygli að því, að það sje ekki sjálfu sjer samkvæmt, að leyfa öllum, án tillits til heimilisfangs, að verzla sem lausakaupmenn, ekki að eins á löggiltum kauptúnum, heldur hvar sem er við strendur landsins án nokkurs tímatakmarks, en aptur á móti banna öllum, sem ekki eru búsettir í landinu sjálfu að hafa fastar verzlanir, og það því fremur, sem fastar verzlanir greiða skatta og skyldur til lands og sveitar, jafnt hvort eigendur eru búsettir í landinu eða ekki. Þjer hafið ennfremur tekið fram, að slík lög mundu leggja nýtt haft á verzlunina til stórmikils hnekkis fyrir frjálsa samkeppni, með því að reynslan hafi sýnt, að eptir því sem á stendur, sjerstaklega vegna þess að frjettaprád til útlanda vantar, gufuskipsferðir eru allt of strjálar og Ísland svo langt frá heimsmarkaðinum, hafi fastakaupmennirnir, ekki að eins þeir, er danskrar ættar eru, heldur einnig íslendingar, komið að raun um, að þeim væri hentugra að búa utanlands, til þess að geta þar keypt vörur þær, sem þeir flytja til Íslands, og sætt beztu horfum á heimsmarkaðinum til þess að selja þær vörur, er þeir kaupa á Íslandi. Ennfremur mundu slík lög sem þessi koma mjög í bága við þá grundvallarreglu, sem alþingi hefur fylgt síðan það fjekk hlutdeild í löggjafarvaldinu, að gjöra aðgang að verzlun á Íslandi svo ótakmarkaðan sem unnt er, sbr. einkum breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 7. nóv. 1879, lög um verzlun lausakaupmanna 2. desbr. 1887, lög um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. 13. marz 1891, og fjölda lagabóða frá síðari árum um löggildingar verzlunarstaða.

Loks hafið þjer tekið fram, að slík tilraun til þess að neyða með lögum verzl- **48**
 unarstjettina til þess að búa annarsstaðar en þeir sjálfir álíta hagfelld vegna at- **21. febr.**
 vinnu sinnar, mundi naumast leiða til annars en undanbragða, sem erfitt væri
 að koma í veg fyrir, jafnvel þótt hæfa þætti að beita öðrum eins hegningará-
 kvæðum, eins og sett eru í 3. gr. frumvarpsins, sektum frá 200—5000 króna
 og upptöku verzlunarhúsa, skipa, verzlunaráhalda og vörubirgða, en strangleika
 hegningarákvæða þessara tjáðið þjer sjerstaklega stinga í stúf við ákvæðin í
 lögunum frá 7. nóv. 1879, 6. gr. sbr. 2. gr.

Af þessum ástæðum hafið þjer lýst yfir því áliti yðar, að hið umrædda
 lagafrumvarp sje óhyggilegt og óhentugt og ekki til þess fallið að öðlast kon-
 ungsstaðfestingu.

Ráðaneytið er í öllu verulegu samdóma því, er þjer þannig hafið tekið
 fram, sbr. einnig brjef það frá ráðaneytinu fyrir Ísland frá 12. júlí 1878, er vitn-
 að er til hjer að framan og sem prentað er í B.-deild Stjórnartíðindanna 1878,
 bls. 116, og jeg hef þessvegna í allra þegnsamlegustum tillögum mínum um mál-
 ið ráðið til þess, að neitað sje um allrahæsta staðfestingu á lagafrumvarpi þessu,
 og hefur hans hátign konunginum hinn 15. þ. m. allramildilegast þóknast að
 samþykkja þá tillögu.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
 beiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu **49**
um endurgjald á sveitarstyrk. — Eptir að hafa fengið þóknlegt brjef yðar, **6. marz**
 herra amtmaður, dags. 9. þ. m. viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar
 í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu á úrskurði amtsins, dags. 24. marz 1891,
 er skyldar tjeðan hrepp, er samkvæmt amtsúrskurði 19. ág. 1887, sem
 ekki hefur verið áfrýjað, er framfærslusveit Guðbrandar nokkurs Jónssonar, með
 aukanaþni »fásjeður«, til þess að endurgjalda Ísafjarðarðarkaupstað framlagðan
 styrk til tjeðs Guðbrands, að upphæð 102 kr. 13 au., skal yður hjer með þjón-
 ustusamlegast tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er
 yður samdóma um, að ekki verði tekið tillit til þeirrar varnarástæðu hrepps-
 nefndarinnar, að ekki hafi fyrir legið skrifleg beiðni um styrk, með því að slíkt
 er ekki heimtað í lögunum og getur því ekki verið skilyrði fyrir lögmæti styrk-
 veitingar. Sömuleiðis er jeg yður samdóma um, að það sje nægilega sannað, að
 Guðbrandur og hyski hans hafi beiðst styrks og verið styrkþurfar, og að þau hafi
 fengið upphæðir þær, er fátækraþjórn kaupstaðarins heimtar, samtals 102 kr.
 13 au.; getur það ekki hnekk þessu, þótt krafan væri fyrst af vangá hærri,
 þar sem fátækraþlutningskostnaður óvart hafði verið með talinn, og það er í þessu
 efni þýðingarlaust, þótt kona Guðbrandar nú neiti því því að hafa undirskrifað
 viðurkenningu fyrir hinum ávísaða styrk. Að því er loks hina þriðju mótbáru
 hreppsnefndarinnar snertir, að bæjarþjórnin á Ísafirði hafi vanrækt að tilkynna
 styrkveitinguna í tæka tíð, þá getur þessi mótbára ekki snert þær upphæðir
 samtals 85 kr. 13 au. sem veittar voru eptir 22. okt. 1886, því að þá var lífs-
 hlaup Guðbrandar tekið á Ísafirði og sýslumanninum í þeirri sýslu, þar sem